

Skólaráð Naustaskóla

9. fundur ársins 2012 þann 29. ágúst 2012

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Erla Rán Kjartansdóttir, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Harpa Mjöll Hermannsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Funda- og starfsáætlun skólaráðs.** Farið yfir fundaaætlun skólaráðs. Ekki þykir ástæða til breytinga á þessari stundu.
2. **Starfsáætlun skólans.** Gerð starfsáætlunar Naustaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er ekki lokið. Stjórnendur áforma að taka tíma í verkið á næstu dögum, skólaráð mun svo fá drög send til yfirlestrar og athugunar fyrir næsta fund.
3. **Fyrirkomulag haustfunda og viðtala.** Ákveðið að fresta morgunfundum með foreldrum um viku frá því sem áætlað var, þeir munu því fara fram í vikunni 10.-14. sept. Ástæðan er annars vegar sú að sum kennsluteymin hafa óskað eftir fresti en hins vegar að gaman væri að hafa lokið uppstillingu í miðrými áður en foreldrum er boðið til fundar. Rætt um hvort ástæða sé til að skipa foreldrafulltrúa á morgunfundum. Ákveðið að láta það vera en nota frekar fyrra fyrirkomulag, að skipta skólaárinu upp í tímabil og að allir foreldrar verði ábyrgir fyrir uppákomum árgangsins. Töluverðar umræður urðu um að í sumum árgöngum hefur gengið afar illa að virkja foreldra til þessara starfa og lítið orðið úr bekkjarstarfi. Efla þarf enn frekar áróður fyrir því að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólastarfinu og að þar þurfi allir að axla ábyrgð.
4. **Mötuneytismál.** Almennar umræður um mötuneytismálin, framkvæmd á samræmdum matseðli o.fl. Raðir í matsal hafa verið nokkuð langar fyrstu dagana en það eru eðlilegir byrjunarerfiðleikar í nýju fyrirkomulagi, fyrst nú, eftir fjórar máltíðir, mun verða hægt að stilla upp öllum þeim sætum og borðum sem verða munu í matsalnum, merkja borð yngri nemenda o.s.frv.
5. **Önnur mál.**
 - a. Fyrirkomulag húsnæðismála. Reifaðar áhyggjur úr foreldrahópnum af því að húsnæðið nýtist ekki að fullu eins og það var hannað til að gera því að lokuðu rýmin, sem ætluð eru fyrir litla hópa eða jafnvel einstaklinga, séu teppt af starfsmönnum. Þetta er að hluta til rétt því að þangað til stjórnunarálma verður tekin í notkun við skólann þarf að nýta hluta af þessum rýmum fyrir stjórnendur, kaffistofu og fundi. Nú hefur hins vegar rýmkast mjög mikið um í skólanum og eru því betri aðstæður en áður til að koma til móts við hópa og einstaklinga, einnig má nefna að þrjú undirbúningsherbergi kennsluteyma eru skipulögð á þann hátt að þau nýtast bæði fyrir starfsmenn og til að taka inn litla hópa nemenda.
 - b. Inntaka nemenda utan hverfis. Rætt um verklag þegar óskað er eftir skólavist fyrir nemendur sem búsettir eru utan skólahverfisins. Við Naustaskóla hefur verið

notað það verklag að ef sótt er um skólavist fyrir nemendur utan hverfis (utan innritunartíma í febrúar) hefur foreldrum verið vísað á skólateymi fjölskyldudeildar, ef þaðan kemur ósk eða meðmæli með því að nemandi sé veitt skólavist er orðið við því. Þessi mál eru reyndar til umfjöllunar á skóladeild bæjarins um þessar mundir og má vænta skýrari verklagsreglna þaðan innan skamms.

- c. Námsmat. Rætt um fyrirkomulag á vitnisburðarblöðum sl. vor. Sumum þótti framsetning vitnisburðar of flókin. Til stendur að endurskoða þetta og leggja línur fyrir veturinn. Námsmásmálin verða tekin upp aftur á næsta fundi.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð